




EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað

15. árgangur

Mars 2013



*Viltu fara með
í Einingar-Íðjuferð?*

Á bls. 10 og 11 er fjallað um orlofsferðir sumarsins

Orlofsstaðir 2013

Sprawy urlopowe

Holiday matters

ข่าวสารเกี่ยวกับการพักผ่อน

Göngum frá verknum



Íbúfen®

– Bólqueyðandi og verkjastillandi

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Notkunarsvið: Íbúfen inniheldur íbuprofén sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólqueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Íbúfen er notað við vægum til meðal miklum verkjum eins og höfuðverk, migreni, tannpínu, tíðaverkjum og hita. **Ekki má taka Íbúfen:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir íbuprofeni, öðrum skyldum lyfjum eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem fengið hafa ofnæmisviðbrögð eins og astma, nefrennsli, útbrot með kláða eða ef varir, andlit, tunga eða háls hafa bólgað upp eftir að hafa tekið íbuprofén eða skyld lyf. Þeir sem þjáðst hafa af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) í tengslum við fyrri notkun bólqueyðandi verkjalyfja, þjást núna af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) eða hafa áður þjáðst af slíku, tvisvar eða oftar, með alvarleg lífrar-, nýrna-, eða hjartavandamál (kransæðasjúkdómar meðtaldir), þeir sem þjást af umtalsverðum vökvaskorti (vegna uppkasta, niðurgangs eða of lítillar vökvaneyslu), eru með einhverjar blæðingar (blæðingar í heila meðtaldar), eru með sjúkdóm af óþekktum uppruna sem leiðir til óeðlilegrar myndunar blóðfrumna. **Sérstök varnaðarorð:** Þeir sem eru með rauða úlfa (SLE) eða aðra sjálfsnæmissjúkdóma, arfgengan sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðrauða, hemoglóbín (purpuraveiki), langvarandi bólgusjúkdóma í þörmum eins og bólgur í ristli með sárum (sáraristilbólgu), bólgur í meltingarvegi (Crohn's) eða aðra maga- eða þarmasjúkdóma, truflanir á blóðfrumnamyndun, vandamál tengd blóðstorkun, ofnæmi, ofnæmiskvef, astma, langvarandi bólgur í nefslímhúð, kinnbeinaholum, kokeitlum eða langvarandi teppusjúkdóma í öndunarvegi, blóðrásarkvilla í slagæðum handleggja og fóta, lífrar-, nýrna- eða hjartavandamál eða háan blóðþrýsting, nýkomnir úr meiriháttar skurðaðgerð ættu ekki að nota lyfið. **Meðganga/brjóstgjöf:** Íbuprofén má ekki taka á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Aðeins ætti að nota Íbúfen á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu í samráði við lækni og ef það er algerlega nauðsynlegt. Íbuprofén getur gert konum erfiðara með að verða þungaðar. Þessi áhrif ganga til baka þegar hætt er að taka lyfið. Íbuprofén berst í brjóstamjólk í litlum mæli og brjóstgjöf þarf yfirleitt ekki að hætta meðan á skammtíma meðferð stendur. Ef lengri tíma meðferð er áætluð, ætti að meta hvort hætta eigi brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Svartar, tjórukenndar hægðir eða blóðlituð uppköst (sár í meltingarvegi með blæðingum), brjóstsviði, kviðverkir, meltingartruflanir, truflanir í meltingarfærum s.s. niðurgangur, ógleði, uppköst, vindgangur og harðlífi, sáramyndun í meltingarvegi með eða án rofs, þarmabólga og versnandi bólga í ristli og meltingarvegi (Crohn's) og pokamyndun í digurgirni (rof eða fistlar), smásæjar blæðingar frá þörmum sem geta leitt til blóðleysis, sára og bólgu í munni, höfuðverkur, syfja, svimi, sundl, þreyta, æsingur, svefleysi og viðkvæmni. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar eldri en 12 ára (≥ 40 kg): 200-400 mg sem einn skammtur eða 3-4 sinnum á dag með 4-6 klst. millibili. Hámarks dagsskammtur er 1200 mg. Börn 6-9 ára (20-29 kg): 200 mg, 1-3 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 600 mg á dag. Börn 10-12 ára (30-40 kg): 200 mg, 1-4 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 800 mg á dag. Sjá nánar í fylgiseðli. **Börn 12 ára og yngri eiga ekki að nota Íbúfen nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Desember 2012.

 **actavis**

ALLTAF ÓDÝRARI Á NETINU

ÞAÐ MÁTTU BÓKA

FLUGFELAG.IS

75 | ÁR Á FLUGI



FARSÍMAVEFUR: m.flugfelag.is

VINGUMST: facebook.com/flugfelag.islands

FLUGÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ því að bóka flugið á netinu. Það er fljótlegra, þægilegra og ódýrara. Smelltu þér á flugfelag.is, taktu flugið og njóttu dagsins.

FÉLAGSMENN EININGAR-IÐJU geta sótt um ferðastyrk fyrir flug innanlands í „Vika að eigin vali“ á www.ein.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Þýðingar:
Páll Pawel Pálsson, Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew
og Juthamas Baopila

Forsíðumynd:
Í Flatey.
Úr innanlandsferð félagsins 2012

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild
eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið



Stíltu Netbankann eftir þínum þörfum

Meiri hraði og betra viðmót í Netbankanum

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Efnisyfirlit

- | | |
|---|--|
| 6 Orlof 2013 | 28 Vertu á verði! |
| 6 Vika að eigin vali | 28 Veðikortið |
| 8 Orlofsuppbót og orlofsréttur | 28 Gistimiðar á Fosshótelin |
| 8 Málþing um líf skjör iðnverkafélks ... | 29 Tveir svæðisráðsfundir |
| 10 Orlofsferðir Einingar-Iðju sumarið 2013 | 29 Afsláttur hjá Edduhótelum |
| 12 Aðalfundur starfsgreina-deilda félagsins | 29 Útilegukortið |
| 14 Fékkst þú kauphækkun? | 30 Kaupmáttur – atvinna – velferð |
| 14 Öskudagurinn 2013 | 31 Vel heppnuð kjaramálaráðstefna |
| 14 Breytingar á reglum vegna einstaklingsstyrkja | 31 Munið eftir félagavefnum |
| 16 Ýmsar hagnýtar upplýsingar | 32 Sprawy urlopowe |
| 17 Umsókn um orlofsbústað sumarið 2013 | 33 ข่าวสารเกี่ยวกับการพักร้อน |
| 19 – 24 Orlofshúsin 2013 | 34 Afsláttarkort AN |
| 23 Gott að hafa í huga | 34 VIRK starfsendurhæfingarsjóður |
| 26 Holiday matters | 34 Punktaferfi tryggir sanngirni |
| 27 Mikil ásókn í sjúkrasjóð | 34 Miðar í Hvalfjarðargöng |

*Starfsfólk Enor
sendir félagsmönnum Einingar-Iðju
orlofskveðjur*



Hafnarstræti 53
600 Akureyri

S 430 1800
E enor@enor.is

www.enor.is

Fagmenn á heimavelli

Ásgeir Örn Jóhannsson, hdl. hóf störf hjá Pacta að loknu meistaraþrófi í lögfræði, í júní 2008.

Gunnar Sólmes hrl. hefur starfað við lögmennsku síðan 1968 og hjá Pacta síðan í mars 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson, hrl. hefur starfað hjá Pacta síðan 2004.

Meðal verkefna PACTA Lögmanna fyrir einstaklinga eru:

Fjölskyldumál

sifjaréttur, forræðismál, barnavernd

Hjúskaparmál

kaupmálar, sambúðarslit

Húsnæðismál

fasteignakaup, fjöleignahús, leiguréttur

Erfðamál

erfðaréttur, erfðaskrár, dánarbú

Slysamál

slysabætur vegna umferða-, vinnu- og frítímaslysa

Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Ólafur Rúnar, Gunnar og Ásgeir Örn eru í öfluglu liði 20 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðipjónustu og ráðgjöf.

- Hafðu samband við okkur í síma 440 7900 eða á netfangið pacta@pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

Hafnarstræti 91-95 • 600 Akureyri • Sími 440 7900

Orlof 2013



Ágætu félagar!

Nú þegar daginn tekur að lengja þá er tíma-
bært að fara að huga að sumarleyfunum og
þeim möguleikum sem eru í boði fyrir félags-
menn Einingar-löju. Í þessu orlofsblaði eru þeir
möguleikar kynntir og ýmsar aðrar upplýsingar
sem máli skipta fyrir félagsmenn sem hug hafa
á að nýta sér þá orlofskosti sem í boði eru.
Megináhersla er eins og áður lögð á að kynna
þau orlofshús og orlofsíbúðir sem félagið hefur
til umráða og leigu til félagsmanna á komandi
sumri. Sem fyrr býður félagið hús og íbúðir af
mismunandi stærðum og gerðum, í mismun-
andi umhverfi og í öllum landshlutum.

Þó svo að orlofsblað félagsins sé borið inn á
öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu geta
einungis félagsmenn sótt um þá valkosti sem í
boði eru í sumar og fjallað er um í blaðinu.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á
réttindi sín varðandi orlof, orlofstöku og orlofs-
uppbót. Þá verður sagt frá orlofsferðum sum-
arsins, sem eru þrjár að venju, en nú stendur
yfir skráning í ferðirnar og er ágætis ásókn í
þær. Athugið að síðasti dagur til að skrá sig í
utanlandsferð félagsins til Þýskalands er 15.
apríl nk.

Ekki bara hús í boði

Að venju geta félagsmenn sótt um „Viku að
eigin vali,“ og keypt gistið á Fosshótel og
greiðslumiða á Edduhótelin. Þá verður aftur
boðið upp á kaupa Veidíkortið og Útilegukortið
á sérkjörum.

Gæludýr

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum
félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli

*Þeir sem sækja um
rafrænt flýta fyrir
úthlutunarferlinu.*

hafi komið upp og því er komið inn í leigu-
samning að leigutaki skuldbindur sig til að
borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

Notið félagavefinn

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um orlofs-
hús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á félaga-

vefnum sem er á www.ein.is, nánar er fjallað
um félagavefinn í blaðinu. Umsóknareyðublað
fylgir samt með orlofsblaðinu eins og undan-
farin ár, en við hvetjum alla sem geta til að
sækja um á rafrænan hátt. Það flýtir mikið fyrir
úthlutunarferlinu. Ef upp koma tilvik þar sem
fleiri en einn félagsmaður býr á heimili og ekki
er hægt að nota félagavefinn þá er hægt að
prenta umsóknarblaðið út á heimasíðu Ein-
ingar-löju, www.ein.is eða koma við á skrif-
stofum félagsins og fá umsóknarblað.

Allar nánari upplýsingar um orlofshús eru
veittar á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri, í
síma 460 3600, sigrun@ein.is eða á www.ein.is
og þar fer skráning einnig fram. **Síðasti skila-
dagur umsókna er þriðjudagurinn 2. apríl,**
en úthlutun fer fram 4. apríl. Þeir sem fá
úthlutað þurfa að vera búnir að **ganga frá
greiðslu í síðasta lagi 19. apríl.** Í byrjun máí
verður endurúthlutað og að því loknu verður
opnað á netinu fyrir laus hús. Þá gildir „fyrstir
koma, fyrstir fá“.

*Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum
alls hins besta í komandi orlofi og minnir á að
ýmsar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað
sem máli skiptir koma fram í blaðinu og því
er mikilvægt að geyma það og hafa við hönd-
ina.*

Vika að eigin vali!

Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „**Vika að eigin vali**“ og hafa
þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Í ár mun félagið verja allt að kr.
3.600.000 í „**Vika að eigin vali**.“ Félagsmenn geta sótt um 200 slíka styrki, hver að
upphæð kr. 18.000, sem er hækkun um kr. 2.000 frá fyrra ári, og er styrkloforðum
úthlutað eins og orlofshúsunum. Hægt er að sækja um á umsóknarblaði sem er í
orlofsblaðinu, en best er að senda inn rafræna umsókn á félagsvef Einingar-löju.
Skilafrestur umsókna er 2. apríl nk..

Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi (**ATH! ekki þau sem eru í eigu
Einingar-löju**), hótélherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, flugfar innanlands eða erlendis,
allt eftir óskum hvers og eins. Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir
kr. 18.000, en þó aldrei hærri en 50% af kostnaði.

Dregnir verða 18 punktar af þeim félagsmönnum sem nýta sér alla upphæðina og
hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félags-
menn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

„Vika að eigin vali“ gildir fram til áramóta. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa
að koma með reikninga eða farseðla fyrir næstu áramót til að fá endurgreitt.

ATH! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk. reikningum eða farseðlum!



MAE

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í verkefnum fyrir lífeyrissjóði og verkálýðsfélög. Init próar, rekur og þjónustar Jóakim sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi.

Jóakim er heildarlausn fyrir stéttarfélög

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfkerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar bæði stórum og smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga

Hafið samband við okkur í síma 510-7200 eða skoðið nánar á heimasíðu okkar, www.init.is

Fosshótel

Tekur vel á móti ykkur

ALLT KLÁRT FYRIR ÞÍNA HEIMSÓKN

Munið eftir
gistimiðunum

H:N Markaðssamskipti / SIA

REYKJAVÍK:
Fosshótel Barón
Fosshótel Lind

SUÐURLAND:
Fosshótel Mosfell*

VESTURLAND:
Fosshótel Reykholt

VESTFIRÐIR:
Fosshótel Vestfirðir

NORÐURLAND:
Fosshótel Dalvök
Fosshótel Laugar*
Fosshótel Húsavík

AUSTURLAND:
Fosshótel Fáskrúðsfjörður
Fosshótel Vatnajökull
Fosshótel Skaftafell

*Sumarhótel



FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

TEL: 562 4000 FAX: 562 4001
SÍGÚN 38 105 REYKJAVÍK
www.fosshotel.is sales@fosshotel.is

Orlofsuppbót og orlofsréttur

Orlofsréttur og orlofsuppbætur eru mismjafnar eftir samningum og því birtum við hér smá samantekt um orlofsrétt úr samningum SGS við SA, ríki og sveitarfélög. Nánar má lesa um orlofsréttinn á www.ein.is

Samningur SGS við SA

Orlofsuppbót fyrir árið 2013 er kr. 28.700, miðað við fullt starf. Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Greiða skal orlofsuppbót 1. júní ár hvert. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi. Sá sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast starfsmaður sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 30 daga orlofsrétt og 13,04% orlofslaun. Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda.

Sumarorlof er fjórar vikur, 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 2. maí - 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga

rétt á 25% álagi á það sem á vantar 20 dagana.

Samningur SGS við fjármála-ráðherra f.h. ríkissjóðs

Orlofsuppbót í ár verður kr. 28.700, miðað við fullt starf. Greiða skal orlofsuppbót 1. júní ár hvert. Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Sá sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof, skal hann fá öyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vakt-skrá haldist óbreytt.

Starfsmaður sem nær 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Starfsmaður sem nær 38 ára aldri, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Tímabil sumarorlofs er frá 2. maí til 15. september. Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því komið við vegna starfa stofnunarinnar. Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4.

Sama gildir um sumarleyfi, sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil, skv. beiðni stofnunar.

Samningur SGS við Samband íslenska sveitarfélaga

Orlofsuppbót árið 2013 verður kr. 38.000, miðað við fullt starf. 1. maí skal greiða orlofsuppbótina. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof skal hann fá öyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vakt-skrá haldist óbreytt.

Starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Við 38 ára aldur fær hann enn að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59% og við 38 ára aldur skal hann fá 13,04. Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.



Málþing um líf skjör iðnverkafólks á Akureyri á liðinni öld

Laugardaginn 9. febrúar sl. var haldið málþing um líf skjör iðnverkafólks á Akureyri á liðinni öld. Það var haldið í minningu Jóns Ingimarssonar, fyrrum formanns Iðju félags verksmiðjufólks, Akureyri, sem hefði átt aldarafmæli 6. febrúar sl. Málþingið fór fram í salnum á 4. hæð Alþýðuhússins á Akureyri.

Góð mæting var á málþingið þar sem fjölmargir fróðlegir og skemmtilegir fyrirlestrar voru haldnir. Þrjú barna Jóns, ásamt systur Jóns, mættu og í lokin tók sonur Jóns, Ingimar, til máls og þakkaði fyrir frábæran dag.

Þorsteinn E. Arnórsson, starfsmaður Einingar-löju og fyrrum formaður löju félags verksmiðjufólks, setti þingið, en hann ásamt börnum Jóns sáu um að skipuleggja viðburðinn. Eftirfarandi fyrirlestrar voru fluttir á málþinginu:

Útivistinnandi húsmæður. Líf verksmiðju-venna á Akureyri

- Andrea Hjálmsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri
- Arndís Bergsdóttir, doktorsnemi í safnafræði við Háskóla Íslands.

Samvinnan

- Kristín Hjálmsdóttir, fyrrverandi formaður löju félags verksmiðjufólks

Fyrsta verkfall löju

- Þráinn Karlsson leikari

Í eina sæng. Sameining

Verkavennafélagsins Einingar og Verkamannafélags Akureyrar-kaupstaðar.

- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, menningarfulltrúi hjá EYPING

Fyrsta Verkamannafélagið á Akureyri

- Aðalsteinn Bergdal leikari

Munið eftir www.ein.is

BÆTTU SMÁ LONDON Í LÍF ÞITT

Verð frá **19.800*** kr.

Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.



Það er ekki bara í Lækjargötu sem hægt er að ná í leigubíl

Það er oft frábært eftir skemmtilegt kvöld í Kvosinni að sjá að það er laus leigubíll í Lækjargötu. En það er líka hægt að ná í leigubíl í London; og það sem meira er, hann ekur þér um iðandi stræti á bökkum Thames, á milli breskra pöbba, frábærra veitingastaða, verslana og heimspekktra leikhúsa. Hvernig væri að sjá lengra en suður fyrir Amtmannsstíg?

+ Bókaðu núna á icelandair.is

   Vertu með okkur

ICELANDAIR 

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

Orlofsferðir Einingar-löðu sumarið 2013

Köln – Móseldalurinn

Farið verður til Þýskalands 8. til 16. ágúst 2013, en nú þegar er komið vel yfir lágmarkspáttöku í hana. Hámark 50 manns, lágmark 35. Síðasti skráningardagur í ferðina er 15. apríl nk.

Flogið verður frá Keflavík til Frankfurt í Þýskalandi. Þaðan verður ekið til Kölner og gist þar í fjórar nætur. Þaðan verða farnar dagsferðir, t.d. um Köln, í björgarð og siglingu á Rín. Næsti gististaður er í Móseldalnum í nágrenni Bernkastel Kues þar sem gist verður í fjórar nætur. Þaðan verður farið í dagsferðir til Trier og Cochem. Flogið verður aftur heim frá Frankfurt.

Gist verður í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Leiðsögumaður Harpa Hallgrímsdóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 230.000 fyrir félagsmenn, maka og gest. Utanfélagsmenn greiða kr. 237.000.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 35.000, það á greiðast innan 10 daga frá skráningu.

Boðið verður upp á rútuferð suður 7. ágúst og 16. ágúst aftur heim.

Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktáein þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.



Nánari upplýsingar um hótélina í utanlandsferðinni má finna á:

Köln

<http://www.novotel.com/gb/hotel-3127-novotel-koln-city/index.html>

Bernkastel-Kues

<http://www.moselpark.de/>

- Flug: Keflavík – Frankfurt – Keflavík.
- Gisting: 8 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- Kvöldverðir innifaldir alla dagana erlendis.

Ferðalýsing

8. ágúst: Flogið frá Keflavík kl. 7:25 til Frankfurt. Lending um kl. 12:50. Ekið til Kölner þar sem við gistum fjórar nætur á *Hôtel Novotel Köln* (****).

9. ágúst: Notum daginn til þess að kynna Köln sem er ein af elstu borgum Þýskalands. Hin fræga dómkirkja borgarinnar verður skoðuð og nærliggjandi hverfi. Síðdegis verður farið að leið Nonna sem hvílir í kirkjugarði í borginni.

10. ágúst: Brottfærð af hótélinu kl. 9.00. Þýska brautin Nürburgring í Formúlu eitt (rúmir 100 km) verður heimsótt. Þar er afar gott safn og margt spennandi að sjá.

11. ágúst: Í dag er ætlunin að heimsækja einn af björgörðum Kölner og fara í skemmtilega siglingu á ánni Rín.

12. ágúst: Kl. 9.00 verður haldið af stað í Móseldalinn sem er þekktastur fyrir einstaka fegurð og vínækt. Gist verður fjórar nætur í *Hôtel Moselpark* (****) í fallegum bæ sem heitir Bernkastel-Kues. Bærinn býður m.a. upp á fjölmörg falleg bindingshús og skemmtilegar götur og götulíf.

13. ágúst: Frjáls dagur í Bernkastel-Kues. Njóta þessa fallega bæjar, hægt að fara í siglingu á Mósél eða upp í kastalarústir fyrir ofan bæinn.

14. ágúst: Förun til borgarinnar Trier sem er við landamæri Þýskalands og Lúxemborgar. Ekinn

hringur og gömlu fornleifar frá rómverska tímanum skoðaðar, keisaraböðin og hringleikahúsið. Gert verður stöpp við gamla borgarhliðið Porta Nigra eða Svarta hliðið. Frjáls tími til þess að ganga um göngugötturnar og „skreppa“ í verslanir. Ekið til Bernkastel-Kues síðdegis.

15. ágúst: Kl. 9.00 verður lagt af stað til bæjarins Cochem í Móseldalnum. Skoðaður verður hinn þekkti miðaldakastali sem gnæfir yfir bæinn. Þá er hægt að fara í stólalyftum upp á hæð fyrir ofan bæinn þar sem er fallegt útsýni yfir dalinn. Ekið aftur til Bernkastel-Kues.

16. ágúst: Kl. 9.00 verður farið á flugvöllinn í Frankfurt og flogið heim.

Langar þig með þótt þú sért ekki félagsmaður?

Þar sem ekki var fullbókað í ferðina 1. febrúar sl. var ákveðið að gefa utanfélagsmönnum kost á að koma með. Þeir þurfa að greiða aukalega kr. 7.000 og því mun ferðin kosta þá kr. 237.000.

Suðurland - Vestmannaeyjar-Þórsörk

Vorferð Einingar-löðu verður farin dagana 18. til 21. júní 2013. Hámark 45, lágmark 25 manns. Fullt er í ferðina en tekið er við skráningum á biðlista.

Ekið verður eins og leið liggur um Kjöl suður undir Eyafjöll (ef ekki verður fært um Kjöl verður hefðbundin leið farin) og gist í þrjár nætur í Félagsheimilinu Heimalandi. Á degi tvö verður Herjólfur tekinn í Landeyjahöfn og siglt með honum til Vestmannaeyja. Farið verður í skoðunarferð um Heimaey og í siglingu ef veður leyfir. Á þriðja degi verður farið í Þórsörk. Á fjórða degi verður ekið um Þjóðveg 1 heim til Akureyrar.

Fararstjóri verður Björn Snæbjörnsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og leiðsögumaður Inga Rósa Þórðardóttir.

Ferðin kostar kr. 32.000 fyrir félagsmenn, maka/gest. Utanfélagsmenn greiða kr. 40.000. Innifalið í fargjaldi er allur akstur, svefnþokagisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nista sig sjálft.

Óafturkræft staðfestingargjald er 8.000 kr. Það skal greiða innan 10 daga frá skráningu.

Munið eftir www.ein.is

Eins dags ferð

fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin **fimmtudaginn 13. júní nk.** Lagt verður af stað með rútu frá Skipagötu 14 kl. 9. Farið verður austur um Melrakkaslétu til Raufarhafnar. Þaðan verður farið til Þórshafnar og svo til Húsavíkur þar sem drukkið verður kaffi. Þaðan verður svo ekið aftur til Akureyrar. Ferðin kostar 5.000 krónur á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar er á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, og í síma 460 3600.



PISTON / SIA

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR



eBOX flytur minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.


Eimskip | Korngeirsdóm 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP
eBOX

Ljósnetið færir þér
fleiri möguleika
í Sjónvarpi Símans



ENNEWM / SIA / NM56544



Ljósnetið kemur á 53 staði á þessu ári og munu þá flest heimili í þéttbýli á Eyjafjarðarsvæðinu eiga kost á kraftmeiri nettengingu og aukinni sjónvarpsþjónustu.

Hafðu samband við 800 7000 og kynntu þér áskriftarleiðirnar sem eru í boði.

Nánar á siminn.is

Af hverju Sjónvarp Símans?

- Allt að 5 myndlyklar
- Aðgangur að yfir 100 stöðvum
- Tímaflakk
- Hægt að leigja yfir 5000 titla í SkjáBíói
- Möguleiki á háskerpu

Síminn

Aðalfundir starfsgreinadeilda félagsins

Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingarlöðu fóru fram fimmtudaginn 7. febrúar sl. í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Félagið skiptist í þrjár deildir, sem eru Opinbera deild, Matvæla- og þjónustudeild og Lðnaðar- og tækjadeild. Í byrjun voru allar deildirinnar þrjár saman á fundi þar sem Davíð Kristinsson, Heildrænn Heilsupjálfi, var með mjög fróðlegt fræðsluerindi um hreyfingu og mataræði.

Að loknu mjög góðu erindi Davíðs var boðið upp á kaffiveitingar. Að kaffi loknu hélt hver deild fyrir sig sinn aðalfund, hver á sínum stað í húsinu þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Hér á eftir verður lítillega fjallað um hverja deild fyrir sig, en nánar má lesa um fundina á heimasíðu félagsins, www.ein.is

Matvæla og þjónustudeild

Í byrjun fundar flutti Margrét H. Marvinsdóttir, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Á fundinum var kosið um sex af níu stjórnarmönnum deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur en einnig þurfti að kjósa um varaformann til eins árs. Margrét H. Marvinsdóttir bauð sig fram til formanns, Stefán Aðalsteinsson til varaformanns, Tryggvi Jóhannsson til ritara og til meðstjórnandi buðu sig fram Júlíana Kristjánsdóttir, Anna Guðrún Ásgeirsdóttir og Sigurður Hjartarson. Engin mótframboð bárust og var listinn því sjálfkjörinn. Anna Guðrún og Sigurður koma ný inn í stjórnina.

Þegar Margrét flutti skýrslu stjórnar sagði hún m.a. að ýmis mál hafi verið til umfjöllunar á stjórnarfundunum, m.a. málefni ræstinga-

fólks, ekki síst vegna útboðsmála hjá Akureyrarbæ, öryggi öryggisvarða í verslunum og námskeiðsmál hjá þeim sem starfa í fiskvinnslu, kjötiðnaði og jafnvel mjólkinni. Hún sagði einnig að nokkrar breytingar hefðu orðið á stjórninni á starfsárinu. Anna Júlíusdóttir hætti sem formaður er hún var kosin varaformaður félagsins og varð starfsmaður þess. Margrét tók við formennsku í deildinni er Anna hætti og Stefán var skipaður af stjórn sem varaformaður til eins árs. Í lok máls síns þakkaði Margrét Matthildi Sigurjónsdóttur, fyrrum starfsmanni deildarinnar, fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf í gegnum árin, en hún lét af störfum hjá félaginu á árinu. Þá þakkaði hún einnig Magnúsi Björnssyni, sem lét af stjórnarstörfum, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Skýrslu stjórnar heild má lesa á www.ein.is

Í stjórn deildarinnar sitja:

Margrét H. Marvinsdóttir formaður, Stefán Aðalsteinsson varaformaður, Tryggvi Jóhannsson ritari og meðstjórnendurnir Birna Harðardóttir, Kristbjörg Ingólfsdóttir, Júlíana Kristjánsdóttir, Sigríður Jósepsdóttir, Anna Guðrún Ásgeirsdóttir og Sigurður Hjartarson.

Lðnaðar- og tækjadeild

Í byrjun fundar flutti Ingvar Kristjánsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Í ár var kosið um sex stjórnarmenn; formann, ritara og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Jafnframt þurfti að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs þar sem Tryggvi Kristjánsson er að vinna erlendis og hefur því ekki tók á að sinna stjórnarstörfum. Í hans stað gaf kost á sér Vilhelm Adolfsson sem starfar hjá Becromal. Auk Vilhelms bauð Ingvar Kristján-

son sig fram til formanns, Sigurður Sveinn Ingólfsson til ritara og Ingvar Sigurbjörnsson, Steindór Sigursteinsson og Sigurður Sigurðsson buðu sig fram sem meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust og því var sjálfkjörið í stjórn deildarinnar.

Í skýrslu stjórnar kom Ingvar víða við. Hann sagði t.d. að mörg mál hafi verið til umfjöllunar á stjórnarfundunum, m.a. að mikið hefði verið fjallað um atvinnumál á svæðinu og einnig um kjarakönnun félagsins sem framkvæmd var sl. haust. Skýrsluna í heild má lesa á www.ein.is

Í stjórninni sitja:

Ingvar Kristjánsson formaður, Eyþór Karlsson varaformaður, Sigurður Sveinn Ingólfsson ritari og meðstjórnendurnir Gunnar Magnússon, Ingvar Sigurbjörnsson, Rannveig Kristmundsdóttir, Sigurður Sigurðsson, Steindór Sigursteinsson og Vilhelm Adolfsson.

Opinbera deildin

Í ár þurfti að kjósa um fimm stjórnarmenn; formann, ritara og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Sigríður K. Bjarkadóttir bauð sig fram til formanns, Hanna Dóra Ingadóttir sem ritari og Hildur Ingvarsdóttir, Elísabet Skarphéðinsdóttir og Júlía Birna Birgisdóttir sem meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust gegn lista stjórnar og því var sjálfkjörið í stjórn deildarinnar.

Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður deildarinnar, flutti skýrslu stjórnar þar sem farið var yfir það helsta sem gerðist á liðnu starfsári. Hún sagði t.d. að rætt hefði verið um að hvetja trúnaðarmenn til að boða til vinnustaðafunda, samning við NPA miðstöðina, starfsmatið, stöðuna í samningamálum, launakönnun félagsins, undirbúning fyrir aðalfundinn og skipað í trúnaðarráð. Skýrsluna í heild má lesa á www.ein.is





Í stjórninni sitja:

Sigríður K. Bjarkadóttir formaður, Ása Margrét Birgisdóttir varaformaður, Hanna Dóra Ingadóttir ritari og meðstjórnendurnir Edda L. Marinósdóttir, Elísabet Skarphéðinsdóttir, Hildur Ingvarsdóttir, Hrönn Vignisdóttir, Júlía Birna Birgisdóttir og Ómar Ólafsson.

Vinningshafar

Á aðalfundinum var efnt til happdrættis. Einn vinningur var í boði í hverri deild, helgarleiga á Illugastöðum að vetri til. Nöfn allra sem mættu á fundi deildanna voru sett í kassa og svo var nafn heppins Einingar-löjufelaga dregið út í hverri deild fyrir sig. Þau sem hlutu vinning eru: Rannveig Kristmundsdóttir úr lðnaðar- og tækjadeildinni, Arnar Freyr Logason úr Matvæla- og þjónustudeildinni og Kristín Ólafsdóttir úr Opinberu deildinni.

Sendum félagsmönnum
Einingar-Iðju
orlofskveðjur



SAMHERJI HF

Sendum félagsmönnum
Einingar-Iðju
orlofskveðjur



**ÚTGERÐARFÉLAG
AKUREYRINGA**

Prentun á servíettum og boðskortum

Gylling á sálmaðækur

Kiktu á www.stell.is og sparaðu þér tíma og fyrirhöfn



Eigum til
gott úrval af
servíettum
á staðnum

**Gylling
á sálmaðækur**

**Prentun
á servíettum**

Kiktu á heimasíðuna okkar!
Nánari uppl. um stærðir, útlit og verð á:
www.stell.is



STELL

Kaupangi v/Mýrarveg
Sími 4 600 760
stell@stell.is

Fékkst þú kauphækkun?



Almennti markaðurinn

Þann 1. febrúar sl. hækkuðu laun hjá þeim sem starfa á almenna markaðinum, eftir samningi SGS og SA, um kr. 11.000 á launataxta og almenn laun um 3,25% auk þess sem reiknitölur og föst álög hækka um 3,25%, en þó ekki lægra en 9 kr. í fiskvinnslu.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera frá 1. febrúar 2013 kr. 204.000 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sama fyrirtæki.

Í samningnum segir að mánaðarlega skuli greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Nýja kauptaxtann má finna á vef félagsins, www.ein.is, hann gildir til 30. nóvember 2013.

Sveitarfélögin

Félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélögunum fengu allir hækkunir á taxta þann 1. mars sl. en mismikið þó. Allir

hækka um það sama á samningstímanum en hækkun er mismunandi milli hópa eftir tímabilum. Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera frá 1. mars 2013 kr. 211.941 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri.

Nýja kauptaxtann má finna á vef félagsins, www.ein.is, hann gildir til 30. apríl 2014.

Ríkið

Starfsmenn sem vinna hjá ríkinu fengu allir 3,25% launa-hækkun eða kr. 11.000 að lágmarki á taxta þann 1. mars sl. Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera frá 1. febrúar 2013 kr. 204.000 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sama fyrirtæki.

Í samningnum segir að mánaðarlega skuli greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. álags-, aukagreiðslur og yfirvinnu, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Nýja kauptaxtann má finna á vef félagsins, www.ein.is, hann gildir til 31. janúar 2014.

Fjölmargir kíktu á skrifstofur félagsins á Öskudaginn og sungu fyrir starfsfólkið.



Stytttri samningstími

Í kjarasamningum Starfsgreinasambandsins við ríki og sveitarfélög eru ákvæði sem gera ráð fyrir að þeir séu skilyrtir sömu forsendum og samningar á almennum markaði. Þegar samningstímabilið var stytt á almenna markaðnum varð því ljóst að það kæmi einnig til styttingar í samningum við ríki og sveitarfélög. Niðurstaðan er samhljóða, samningurinn við ríkið var styttur um tvo mánuði og rennur út 31. janúar 2014 og sömuleiðis var samningurinn við sveitarfélögin styttur um tvo mánuði og rennur út 30. apríl 2014. Þá koma til aukningar íðgjalda af hendi atvinnurekenda í báðum tilvikum en ráðstöfun hækkunarinnar er ekki frágengin enn. Aðilar lofa bættum vinnubrögðum við samningagerð í framhaldinu og vinna áfram úr bókunum við kjarasamninga. Þess ber að geta að eingreiðsla uppá 38.000 kr. fyrir ríkisstarfsfólk í fullu starfi verður greidd 1. janúar 2014 en ekki 1. mars 2014 eins og upphaflegi samningurinn gerir ráð fyrir.

Breyting á reglum vegna einstaklingsstyrkja!



Allar stjórnir fræðslusjóðanna Þriggja, Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar hafa samþykkt breytingar á reglum einstaklingsstyrkja með gildistöku frá og með 1. janúar 2013. Breytingarnar fela í sér að tómstundastyrkir eru hækkaðir og settir voru á sérstakir ferða- og dvalarstyrkir.


Tómstundastyrkir verða 75% af viðurkenndum kostnaði og hámark þeirra hækkað í kr. 20.000.- sem dregst frá heildarhámarki hverju sinni (er nú kr. 60.000.-)

Samþykktar voru sérstakar reglur varðandi þátttöku sjóðanna í ferða- og dvalarkostnaði við nám/námskeið einstaklinga (sjá reglur á heimasíðum sjóðanna). Eyðublöð vegna þessara styrkja eru aðgengileg á vefum sjóðanna. Ferða- og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja hverju sinni (hámark er nú kr. 60.000.-)

Munið eftir www.ein.is

Haraldur Sigurðsson

Fjallgönguleiðir við Glerárdal



Nýtt fræðslurit FÍ
Fæst í öllum helstu
bókaverslunum
og á skrifstofu FÍ

Ferðafélag Íslands | Mörkinni 6 | Sími: 568 2533 | fi@fi.is



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur

pbi@akureyri.is

- Kerti -

Mikið úrval - margir litir.

- Rúmföt -

Damask og krepefni.

Margar gerðir af lökum.

- Skiltagerð -

Leiðaskilti, hurðarskilti og fleira.

- Endurvinnsla -

Notuð bómullarefni

Tökum á móti slitnum rúmfötum, handklæðum
og bolum í verslun okkar.

Við framleiðum tuskubagga fyrir verkstæði og fyrirtæki.

- Kertastubbar og vaxafgangar -

Hægt er að skila vaxi og kertastubbum á grendarstöðvar,
gámavelli, hjá Endurvinnslunni Furuvöllum 11
og í verslun okkar.



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur
Furuvöllir 1 • 600 Akureyri • Sími: 461 4606

Veljum íslenskt,
allir vinna

Opið 8.00-16.00 virka daga

Hver ávaxtar peningana þína?



Íslensk verðbréf

- Eru elsta eignastýringarfyrirtæki landsins
- Standa traustum fótum
- Ávaxta fjármuni einstaklinga sem og fagfjárfesta
- Hafa á að skipa reynslumiklu og traustu starfsfólki
- Hafa hagsmuni þína að leiðarljósi

Við öflum fyrir þig

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma
460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is




ÍSLENSK VERÐBRÉF

Strandgata 3, 600 Akureyri | Sigtún 42, 105 Reykjavík | Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@is.is

Orlof 2013

Orlofsstaðir Einingar-löju 2013



JARÐBÖÐIN við Mývatn



Sumaropnun kl. 9:00-23:30
Vetraropnun kl.12:00-21:30



Jarðbaðshólar - Mývatn - sími 464 4411 - www.jardbodin.is

Eining - löja

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2013.

	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Sturta	Ísskápur	Eldavél	Örb.ofn	Borðbún.	Grill	Útvarp	Sjónvarp	H. pottur	Skiptid.	Verð
Illugastaðir	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	22,000
Einarssstaðir	45	6	umsjónm.	6	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	22,000
Tjarnagerði	81	9	já	9	nei	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	já	föstud.	26,000
Svínaskarð	75	8	já	8	nei	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	22,000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	6	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	kola	já	já	**	föstud.	20,000
Útgarður 6, Egilsst.	81	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	nei	föstud.	23,000
Ljósheimar 12a, R.vík	96	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	23,000
Ljósheimar 14a, R.vík	82	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	23,000
Sólheimar 27, 7. hæð, R.vík	83	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	23,000
Sólheimar 27, 4. hæð, R.vík	101	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	23,000
Ásholt 2, R.vík	108	6	já	7	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	23,000

Leigu- og skiptibústaðir

Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	22,000
Munaðarnes	52	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	kola	já	já	já	föstud.	22,000
Brekkuskógur	46	6+	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6-10	kola	já	já	já	föstud.	22,000
Ólfusborgir	50	5+	já	7	*	nei	nei	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	22,000
Bjarteyjarsandur	57	6+	já	8	*	já	já	já	já	já	nei	12	gas	já	já	já	föstud.	22,000
Útfljótavatn	55	5 +	umsjónm.	8	nei	nei	já	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	já	föstud.	22,000
Súðavík	90	6	nei	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6-10	kola	já	já	nei	föstud.	20,000
Garðshorn	60	6+	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	kola	já	já	nei	föstud.	20,000
Klifabotn	50	8	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	nei	föstud.	20,000

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónumsmanni

** Heitur pottur við sundlaug

+ Svefnloft eða aukadýnur

Punktrafrádráttur fyrir hús og íbúðir er 24 fyrir fyrstu tvær og síðustu þrjár vikur

sumarsins en 36 fyrir aðrar sumarvikur.

EINING-ÍÐJA

Umsókn um orlofsbústað sumarið 2013

EINING-ÍÐJA

Umsækjandi: _____

Kennitala: _____

Heimili: _____

Póstfang: _____

Vinnustaður: _____

H.sími: _____

Vinnusími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað og tímabil.

Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5, 6 til vara.

Athugið að þið getið ekki sótt um þær vikur sem eru skyggðar.

ATH! Merkið ekki í fleiri en 6 reiti samtals !!

		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Landssvæði	Fjöldi húsa	31-May til 7-Jun	7-Jun til 14-Jun	14-Jun til 21-Jun	21-Jun til 28-Jun	28-Jun til 5-Jul	5-Jul til 12-Jul	12-Jul til 19-Jul	19-Jul til 26-Jul	26-Jul til 2-Aug	2-Aug til 9-Aug	9-Aug til 16-Aug	16-Aug til 23-Aug	23-Aug til 30-Aug	30-Aug til 6-Sep	6-Sep til 13-Sep
		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Klifabotn í Lóni	1															
Garðshorn	1															
Bjarteyjarsandur	1															
Brekuskógur	2															
Einarsstaðir	3															
Egilsstaðir	1															
Illugastaðir	5															
Tjarnargerði	0.9															
Vatnsfjörður	1															
Svignaskarð	1															
Munaðarnes	2															
Úlfjótavatn	1															
Súðavík	1															
Ölfusborgir	1															
		29-May til 5-Jun	5-Jun til 12-Jun	12-Jun til 19-Jun	19-Jun til 26-Jun	26-Jun til 3-Jul	3-Jul til 10-Jul	10-Jul til 17-Jul	17-Jul til 24-Jul	24-Jul til 31-Jul	31-Jul til 7-Aug	7-Aug til 14-Aug	14-Aug til 21-Aug	21-Aug til 28-Aug	28-Aug til 4-Sep	4-Sep til 11-Sep
Reykjavík	5															
Punktafrádráttur:		24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24	24	24

Vika að eigin vali

18.000.- kr. 18 punktar í frádrátt.

Síðasti skiladagur umsókna er 2. apríl 2013

EINING-ÍÐJA, SKIPAGÖTU 14, 600 AKUREYRI, SÍMI 460 3600, SÍMBRÉF 460 3601

Ath.: Umsóknarblað er einungis fyrir félagsmenn

Félagið hvetur alla félagsmenn sem geta til að sækja um á rafrænan hátt á félagavefnum. Það flýtir mikið fyrir úthlutunarferlinu.

Fyrir
frimerki

Eining-löja
Skipagötu 14
600 Akureyri

FÁÐU FRÉTTIRNAR BEINT Í ÆÐ!

Kíktu á vef Einingar-löju, www.ein.is, og skráðu þig á póstlista félagsins.

www.ein.is – lifandi vefur þar sem þú finnur m.a.

- Fréttir
- Félagavefinn
- Upplýsingar
- Kjarasamninga
- Kaup-taxta
- Lög og reglugerðir
- Og margt fleira



EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni.

Eining-löja / Skipagata 14 / Akureyri / Sími: 460 3600 / www.ein.is



www.ein.is

Sjö íbúðir í Reykjavík



Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna, en ekki allir. Orlofsíbúðir í Reykjavík eru allan ársins hring mikið notaðar af félagsmönnum Einingarlöju. Íbúðirnar njóta allar mikilla vinsælda enda gefst félagsmönnum, með dvöl í íbúðunum, kostur á að njóta alls þess sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða. Félagið á sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir. Íbúðirnar eru allar miðsvæðis í borginni og því mjög vel staðsettar.

Tvær íbúðir í Sólheimum

Eining-löja á tvær íbúðir í fjölbýlishúsinu Sólheimar 27. Önnur íbúðin er 104 m² fjögurra herbergja íbúð á fjórðu hæð og hin er 89 m² þriggja herbergja íbúð á sjöundu hæð. Félagið lét taka báðar íbúðirnar í gegn að innan þannig að þær eru í mjög góðu standi.

Þrjár íbúðir í Ljósheimum

Eining-löja á tvær orlofsíbúðir í fjölbýlishúsum við Ljósheima, en sjúkraíbúður félagsins hefur þá þriðju til ráðstöfunar. Tvær íbúðanna eru fjögurra herbergja og ein þriggja herbergja. Íbúðirnar þrjár eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hverri íbúð er svefnpláss fyrir sex manns.

Tvær íbúðir í Ásholti

Félagið á tvær íbúðir í Ásholti 2 í Reykjavík. Önnur íbúðin er notuð sem sjúkraíbúð en hin er einstaklega glæsileg, 107 m² að stærð, fjögurra herbergja íbúð. Þar er að finna öll þægindi í notalegu umhverfi í miðborginni.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.

Illugastaðir í Fnjóskadal



Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður og vert að benda á að félagið á þar eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Eining-löja á fjórtán orlofshús að Illugastöðum sem öll eru með heitum pottum. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingarlöju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (45 km frá Akureyri). Fnjóskadalur státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítil verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með leiktækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vaglaskóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Orlofshúsin 2013

Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tíma-bundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Eining-löja á Tjarnargerði ásamt Bílstjórufélagi Akureyrar. Húsið er vel búið með heitum potti og með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis órstutt í Leyningshóla og fleiri náttúru-perlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingarlöju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Þín ánægja er okkar metnaður!

Tanni Travel
www.tannitravel.is
tannitravel@tannitravel.is s. 476-1399
- ferðasúttistofa með sál -

Einarsstaðir á Héraði



Víðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu.

Í orlofshúsaðverfinu á Einarsstöðum hefur Eining-löja til umráða þrjú hús. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta frið í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja veginni milli Egilsstaða og Hallormsstaða.

Talnalás er á húsinu.
Upplýsingar eru á leigusamningi.

Orlofsíbúð á Egilsstöðum



Eining-löja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgarð 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda - væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Nú standa yfir breytingar á íbúðinni. Hún verður öll tekin í gegn að innan, fyrir utan eldhús sem tekið var í gegn fyrir nokkrum árum. Íbúðin verður því glæsileg þegar hún fer aftur í leigu næsta sumar. Egilsstaðir eru höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægt vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-löju á Egilsstöðum er þriggja herbergja og að sjálfsögðu búin öllum helstu heimilistækjum. Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sólþallur og skjólveggir.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-löju í Skipagötu 14 á Akureyri.

Klifabotn í Lóni



Orlofshúsaðveðið í Klifabotni í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löju. Þar ríkir enda skaftfells kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, þar sem orlofshús sem félagið leigir stendur ásamt nokkrum öðrum, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-löja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægífagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lönsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lönsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Talnalás er á húsinu.
Upplýsingar eru á leigusamningi.



**Eitt kort
35 vötn
6.900 kr**

www.veidikortid.is




**Elliðavatn
komið á
kortid!**

Kynnið ykkur sértílbóð til félagsmanna á skrifstofu

**Vantar þig upplýsingar um
Norðurland ?**

Norðurland.is




Garðshorn í Ölfusi



Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðvegnum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins. Við bústaðinn er nýlega byggt gestahús.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6 til 8 manns.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Brekkuskógur í Biskupstungum



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofssvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagasti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu.

Eining-löja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi. Annað húsið kallast A-hús, eins og höfum verið með, en hitt kallast C-hús og er nýtt. Við húsin er meðal annars verönd með heitum potti og aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúsahverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð þar sem er meðal annars sjónvarp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Lítil leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila míni-golf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnæssýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

Lyklar að orlofshúsum sem Eining-löja hefur til umráða í Brekkuskógi eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Orlofshúsin 2013

Ölfusborgir



Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróið orlofshúsahverfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin reynslu eða af afspurn. Það sama gildir um þetta svæði og önnur orlofshúsasvæði í Árnæssýslunni að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins.

Orlofshúsið sem félagsmenn Einingar-löju geta tekið á leigu í Ölfusborgum er 50 m² að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi. Sængur eru í húsinu og lín fæst leigt hjá umsjónarmanni gegn gjaldi. Allur hefðbundinn búnaður er í húsinu, svo sem sturta, ísskápur, eldavél, örbylgjuofn, borðbúnaður fyrir átta manns, grill, útvarp, sjónvarp og svo það sem mörgum finnst orðið ómissandi í orlofinu; heitur pottur.

Knattspyrnuvöllur og leikaðstaða fyrir börn er sameiginleg á svæðinu og einnig er hægt að kaupa veiðileyfi.

Úr Ölfusborgum er stutt til margra þorpa og kauptúna á Suðurlandi. Eins eru margar skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði sem er rétt hjá orlofssvæðinu. Þar er sundlaug með vatnsrennibraut og blómaverslanir. Ölfusborgir eru í Ölfushreppi í Árnæssýslu. Þaðan er mikið og fallegt útsýni yfir undirlendið á Suðurlandi.

Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Dýrahald bannað!

Að gefnu tilefni verður nú sett inn í leigusamning að **stranglega er bannað** að hafa með sér hunda eða önnur gæludýr í orlofshús eða íbúðir félagsins. Upp hafa komið alvarleg ofnæmistilfelli vegna brots á þessari reglu.

Framvegis verður krafist greiðslu að upphæð kr. 25.000 verði þessi regla brotin.



Svignaskarði í Borgarfirði



Borgarfjörðurinn hefur um árabil notið vinsælda sem sumardvalarstaður og þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum, þar sem ganga má að gæðunum vísum en um leið fjölbreytni og frumleika.

Stór orlofshúsahverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarféлага og landssambanda. Eitt þessara orlofshúsahverfa er í Svignaskarði. Vorið 2012 tók félagið í notkun nýtt og glæsilegt 75 fm hús með öllum helstu þægindum og heitum potti. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvellar eru í hverfinu og míni-golfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og útiveru.

Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur eru nokkrar í næsta nágrenni. Þá er víða hægt að kaupa ódýr veiðileyfi í vötn í nágrenninu, t.d. Hreðavatn og Langavatn. Veiðileyfi fyrir Hreðavatn eru seld í Hreðavatnsskála og í Langavatn í Hymunni. Ferðir á Langjökul njóta vinsælda og þannig mætti lengi telja. Frá Svignaskarði er stutt að fara til þess að skoða ýmsa fagra og markverða staði, bæði í náttúrufræðilegu og sögulegu samhengi. Borg á Mýrum og Reykholt eru meðal þekktustu staða Íslandssögunnar og Grábrókarhraun, Hreðavatn, Baula, Barnafossar, Surtshellir, Glanni og Paradísarlaut eru meðal helstu náttúruperla landsins.

Þjónustumiðstöð er á svæðinu þar sem lykklar eru afhentir.

Munaðarnes í Borgarfirði



Orlofshúsahverfið í Munaðarnesi hefur notið vinsælda meðal landsmanna um árabil enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.

Eining-löja hefur til umræða tvö hús í Munaðarnesi. Heitir pottar eru við hús.

Það sem fram kemur í umfjöllun um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um þau orlofshús sem félagið hefur til umræða í Munaðarnesi.

Fjölmargir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúsahverfunum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúsahverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá. Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins.

Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufrýrbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lifga upp á sumarfríð.

Talnalás er á húsunum. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Bjarteyjarsandur í Hvalfirði



Sumarhúsið er vel útbúið að innan og með heitum potti, stórri verönd og úti-grilli. Það er í fjallshlíð mót suðri og er útsýnið afar fagurt. Góðar gönguleiðir eru í nágrenninu og leiðsögn fáanleg í styttri og lengri ferðir.

Í næsta nágrenni er Hótel Glymur, Veitingaskálinn Ferstikla, sundlaug, veiðivötn, golfvelli, söfn, fjórhjólaleiga, hestaleiga og margt fleira skemmtilegt.

Í Hvalfirðinum er mikið um skemmtilegar og fallegar gönguleiðir. Á staðnum er hægt að nálgast upplýsingar um hinar ýmsu leiðir en einnig er hægt að panta leiðsögn um ákveðin svæði. Áhersla er lögð á náttúru, umhverfi, sögustaði og menningarminjar. Dæmi um styttri ferðir eru um Miðsand (braggahverfið), fjöruganga og ganga um Botnsdalinn. Lengri ferðir eru t.d. fornu þjóðleiðirnar tvær; Leggja-brjótur (á Þingvöllum) eða Síldarmannagötur (í Skorradal). Ganga upp að Glym, hæsta fossi landsins og /eða Hvalvatni eru einnig dæmi um lengri gönguferðir.

Sérstaða svæðisins, auk útsýnis og kyrrðar, er að bæjarhúsin á Bjarteyjarsandi eru í göngufjarlægð. Þjónustan og starfsemin sem þar er í boði er mikill fengur fyrir sumar-bústaðaleigjendur og gesti. Heimsókn í fjárhús, hænsnakofa eða Gallerí Álfhól er skemmtun fyrir alla aldurshópa.

Lyklar eru afhentir á staðnum.

Athugið!

Reykingar eru alfarið bannaðar í öllum orlofshúsum félagsins.

Gott að hafa í huga

Komutími - brottför

Leigutaka ber að vitja lykla á auglýstum tíma! Ef einhver töf verður er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu. Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

Umgengni

Orlofshúsin eru sameign okkar allra og það er nauðsynlegt að við sam- einumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsagestir eru vinsamlegast beðnir um að reykja ekki innanhúss. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Reykskynjarar eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í staðinn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.

Bannað!

Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í orlofshúsum eða orlofs- íbúðum Einingar-löju. Dæmi eru um að slæm ofnæmistillfelli hafi komið upp í kjölfar slíks. Brot á þessu varðar tafarlausrí brottvísun úr húsum eða íbúðum auk greiðslu sektar upp á kr. 25.000.

Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 460 3600.



Ábyrgð

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél, bakaraofn og örbylgjuofn, skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig þrifa heita potta ef þeir eru. Stilla skal ofna á 1-2, loka gluggum og hurðum vandlega, skila lykli á sinn stað og taka rafmagnstæki úr sambandi. Komið ábendingum og athugasemdum, ef einhverjar eru, til umsjónar- manna eða á skrifstofu Einingar-löju.

Bed Breakfast

Keflavik Airport · Iceland

Ertu að fara til útlanda?

Afhverju ekki að losna við stress og læti og gista hjá okkur nóttina fyrir eða eftir flug? Við geymum bílinn fyrir þig fritt, skutlum þér á flugvöllinn og sækjum þig aftur. Oft er það ódýrara en bílageymslugjaldid á Leifsstöð.

Hafðu endilega samband...



- Fritt - Geymsla á bíl
- Fritt - Ferðir til og frá flugvelli
- Fritt - Þráðlaust internet
- Stór og þægileg herbergi
- Morgunmatur innifalinn
- Gervihnattasjónvarp
- Baðherbergi í öllum herbergjum
- Ódýr bílaþríf
- frá 1 til 6 manna herbergi

www.bbkeflavik.com

Gistihús Keflavíkur (Bed&Breakfast Keflavik Airport)
Valhallarbraut 761 - 235 Reykjanesbæ
Sími 426 5000 - gistihus@internet.is



Sumarfrí fyrir austan?
Verið velkomin í kaffi.

sesam
BRAUÐHÚS
Reykjarfjörð - sími: 475-8000

Súðavík



Eining-löja hefur haft íbúð á leigu í gamla þorpinu í Súðavík til afnota fyrir félagsmenn sína og svo verður áfram.

Íbúðin sem Eining-löja hefur á leigu á Súðavík er á efri hæð í tvílyftu húsi við Túngötu 20. Húsið hefur nýlega verið gert upp og er íbúðin öll hin glæsilegasta.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta fríð sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja. Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að mun auðveldara er en áður fyrr að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þótt dvalið sé í Súðavík.

Talnalás er á húsinu.
Upplýsingar eru á leigusamningi.

Úlfljótuvatn



Eining-löja býður félögum sínum til leigu sumarhús við suðurenda Úlfljótsvatns, í aðeins 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Tvö svefnherbergi eru í húsinu auk svefnlofts. Það er búið öllum venjulegum eldhús-búnaði, auk þess útvarpi, sjónvarpi, kolargrilli og heitum potti. Sundlaug er í nágrenninu og gestir bústaðarins hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu.

Glæsileg þjónustumiðstöð er að Úlfljótuvatni með góðri aðstöðu fyrir gesti þar sem m.a. er gufubað og billjardborð.

Gönguleiðir eru margar og vinsælar um allt nærliggjandi svæði. Þær eru mjög skemmtilegar, nokkuð grónar og margt að sjá. Í góðu veðri má sjá vítt og breitt en mjög fallegt útsýni er á þessum slóðum.

Frá Úlfljótuvatni er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða, svo sem Gullfoss, Geysis, Þingvalla, Laugavatns og fleiri staða.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöðinni.

Flókalundur í Vatnsfirði



Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmis önnur svæði á landinu - en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök! Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast.

Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabíl verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fót-mál í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Einnig er þar nýleg sundlaug. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð við sundlauginu og þar má nálgast lykla að húsinu.

Sendum félagsmönnum
Einingar-Iðju
orlofskveðjur



**SJÓMANNAFÉLAG
EYJAFJARÐAR**

HAGSMÍÐI
TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI
SÍMAR 893 5840 & 771 6816

Eining-Jöja

þakkar eftirtöldum veittan stuðning



Holiday matters

The first issue of this year's union magazine is devoted to matters pertaining to holidays and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to its members. Members may apply for the rental of a holiday chalet for one week at a specified location and since many often apply for the same location, it is a good idea to apply for different places and/or times as alternative options, up to six of which are permitted. Those members renting holiday houses take full responsibility for the houses, furniture and everything that comes with them. The holiday houses are to be returned in good, clean condition. If that is not done the cleaning will be charged to the person that has rented it.

You indicate in the table on page 16 which house you are applying for, adding the numbers 1, 2, 3, 4, 5 and 6 if you are applying for alternative options. The holiday chalets are then allotted on the basis of a credit system which the union has developed. Each member who pays in to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who has accumulated the largest number of credit points is first choice.

Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies according to time and other factors. Unfortunately there is not enough space to translate information relating to the chalets into English. However, the location should be clear from the place names and by using the map of Iceland on page 16. The deadline for applying for holiday chalets is 2. April.

The right to take a summer vacation

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löja wishes to remind its members of their right to receive a holiday bonus.



Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid a special single-sum holiday bonus. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

The employees working according to the General Agreement or according to the States Agreement should get paid their vacation bonus about kr. 28 700 in 2013 the 1st of June. Employees working for the commune or the municipality should get paid their vacation bonus about kr. 38 000 the 1st of May. This information refers to a full-time job.

A week of your own choice

Eining-löja has decided to spend up to kr. 3,600,000 on an item entitled "A week of your own choice" during 2013. Union members can apply for 200 such grants, to the amount of kr. 18,000 each; the grants are allotted on the same basis as the holiday chalets. The deadline for applying "A week of your own choice" is 2. april.

The grant may be used, for example, to rent a holiday chalet, a hotel room, a tent trailer or a fold-up camper as part-payment towards a holiday in Iceland or abroad, depending on personal wishes and interests. Maximum grant to individual members is, as indicated above, kr. 18,000 with the proviso that the amount never exceeds 50% of actual cost.

Members who receive a holiday grant have 18 credits deducted for those who make use of

the total grant and proportionally for lower amounts. The grants are payable after the end of the holiday tour and members who have been promised a grant are required to present an invoice relating to stay or travel expenses for the amount to be paid out. „A week of your own choice" is effective until the end of the year. That means that those who are allocated need to bring invoices or tickets for next year to get reimbursed.

PLEASE NOTE! You must present legal, numbered business invoices!

Increasing salary

Employees working according to the General Agreement between the Confederation of Icelandic Employers and the Federation of General and Special Workers in Iceland (SA and SGS) get a pay raise of kr. 11 000 according to the pay scale and about 3,25% according to the general salary. Minimum wage for a full-time work, 173,33 working hours per month (40 working hours per week), should be kr. 204.000 from 1st of February 2013 for employees at the age of 18 or older in continuous work of 4 months at the same company.

Members of the union working at the commune or the municipality got their pay raise in their pay scale the 1st of March 2013. Everybody gets the same pay raise in the time period of the contract but the pay raise will be different according to different payment groups. Minimum wage for a full-time work, 173,33 working hours per month (40 working hours per week), should be kr. 211.941 from 1st of March 2013 for employees at the age of 18 or older.

Employees working for the state got 3.25% pay raise or at least kr. 11 000 in their pay scale the 1st of March 2013. Minimum wage for a full-time work, 173,33 working hours per month (40 working hours per week), should be kr. 204.000 from 1st of February for employees at the age of 18 or older in continuous work of 4 months at the same company.

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 635. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

Mikil ásókn í sjúkrasjóð

Í ár, eins og undanfarin ár, hefur verið mikil ásókn í dagpeningagreiðslur og styrki úr sjúkrasjóði félagsins. Réttur til að fá greitt úr sjúkrasjóði byggist á greiðslum til félagsins. Meðal annars eru greiddir dagpeningar til sjóðfélaga, dagpeningar vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna, sem og vegna alvarlegra veikinda maka. Þá eru greiddir út styrkir vegna útfara félagsmanna, sjúkranuðs og sjúkrabjálfunar, krabbameinsleitar, viðtala við sálfræðinga og geðlækna, líkamsræktar, kaupa á heymartækjum og gleraugnaglerjum.

Nýjar reglur varðandi endurgreiðslur

Um síðustu áramót tóku gildi nýjar reglur varðandi ýmiskonar endurgreiðslur úr sjúkrasjóði félagsins. Þar sem sjúkrasjóðurinn hefur verið rekinn með umtalsverðum mínus undanfarin ár sjáum við okkur ekki fært annað en reyna að koma í veg fyrir að slíkt haldi áfram.

Í breytingunni felst að þeir sem hættir eru að greiða til félagsins vegna aldurs, örorku eða langvarandi veikinda eiga einungis rétt á endurgreiðslum úr sjúkrasjóði í tvö ár eftir að greiðslur hætta að berast, svo sem endurgreiðslur á gleraugum, heymartækjum, sjúkrabjálfun og nuddi, líkamsrækt, krabbameinsleit og sálfræðiviðtölum. Þeir sem hætta að greiða til félagsins af öðrum orsökum missa réttinn á sex mánuðum. Hjá flestum félögum innan ASÍ fellur þessi réttur niður á sex mánuðum.

Dagpeningaréttur félagsins er bundinn af samþykktum ASÍ og fer bróðurpartur af innkomu í sjúkrasjóðinn í greiðslur þeirra og getum við því ekki lækkað þær.

Engin breyting verður á öðrum réttindum, s.s. úr fræðslusjóðunum, en úr þeim eiga þeir sem hættir eru að greiða félagsgjöld vegna aldurs eða örorku, rétt á endurgreiðslu vegna ýmissa námskeiða í tvö ár eins og verið hefur.

Þá hafa allir jafnan rétt á að sækja um orlofshús og íbúðir á vegum félagsins og fara í þær ferðir sem í boði eru, kaupa hótelmíða, útilegu- og veiðikort, miða í Hvalfjarðargöngin og nota alla almenna þjónustu og tilboð sem félagið býður.

Okkur þykir mjög miður að þurfa að skerða ofangreind réttindi en ekki verður hjá því komist.

Hvaða styrkir eru í boði?

- Útfarastyrkur virks og greiðandi félaga er nú kr. 300.000. Virkur og greiðandi sjóðfélagi heldur réttindum til dánarbóta í tvö ár, hafi hann látið af starfi vegna veikinda. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveim árum fyrir andlát. (Að hámarki kr. 80.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.)
- Styrkur vegna líkamsræktar er 35% af reikningi, þó að hámarki 10.000 krónur á hverju almanaksári.
- Styrkur til kaupa á gleraugnaglerjum er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti.
- Styrkur til kaupa á heymartækjum er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti.
- Heimilt að greiða niður viðtöl við sálfræðinga og geðlækna, 50% af kostnaði í fimm skipti á ári.
- Félagsmaður á rétt á 50% styrk vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranuðs. Ekki er greitt fyrir fleiri en 18 skipti samtals vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranuðs á hverju almanaksári til hvers félagsmanns

Vinsamlegast athugið!

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs Einingar-Íðju einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 27. hvers mánaðar.

Reglugerð sjúkrasjóðsins má finna á www.ein.is

EININGAR-ÍÐJUFÉLAGAR ATHUGIÐ!

Aðalfundur Einingar-Íðju verður haldinn
þriðjudaginn 16. apríl 2013 kl. 19:30
í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri.

Takið kvöldið frá!
Kaffiveitingar og happdrætti
Félagar fjölmennið
Stjórnin

EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRD UM RÉTTINDI ÞÍNI

Eining-Íðja er áttugt státtarfélag á landsbyggðinni.
Eining-Íðja / Skingata 11 / Akureyri / Sími: 450 3000 / www.ein.is



Sundlaugar Akureyrar



- Sundlaug Akureyrar
- Sundlaug Hríseyjar
- Sundlaug Grímseyjar
- Glerárlaug



SUNDLAUG AKUREYRAR
bæðströnd í bænum

visitakureyri.is

Vertu á verði!

– stöndum saman og rjúfum vítahring verðbólgunnar

Þann 26. febrúar sl. hófu Eining-löja og önnur stéttarfélag innan ASÍ áttak gegn verðhækkunum undir yfirskriftinni – Vertu á verði. Almennir og atvinnulífið eru hvött til að taka höndum saman og rjúfa vítahring verðbólgunnar. Átakinu er ætlað að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald í verðlagsmálum og vekja neytendur til aukinnar vitundar.

Sendu ábendingar um verðhækkningar á
– www.vertuaverdi.is

Á heimasíðu áttaksins www.vertuaverdi.is geta allir sent inn ábendingar um verðhækkningar á fljótlegan og einfaldan hátt. Þannig getum við sameiginlega skapað mikilvægt aðhald, meðvitund og umræðu um verðlagsmál. Það er hagsmunamál okkar allra að vera á verði og láta vita. Á heimasíðu félagsins má finna hnapp sem sendir þig beint á heimasíðu áttaksins.

Verðbólgan versti óvinur launafólks

Launafólk er langþreitt á að hóflegar launahækkningar sem samið er um í kjarasamningum séu sífellt notaðar til að réttlæta miklar verðhækkningar og aukna verðbólgu. Við endurskoðun kjarasamninga í janúar sl. lögðu fulltrúar launafólks mikla áherslu á að samstaða

yrði meðal fyrirtækja og opinberra aðila um að sýna aðhald í verðhækkunum svo nýtilkomnar launahækkningar skili sér í auknum kaupmætti launafólks.

Allir þurfa nú að taka höndum saman
– **sýna ábyrgð og stöðva verðhækkningar**
– **það gagnast okkur öllum.**



Veðikortið

- aðeins kr. 2.500 til félagsmanna

Eining-löja býður félagsmönnum sínum að kaupa Veðikortið á sérkjörum. Kortið verður til sölu á skrifstofum félagsins á aðeins kr. 2.500 en fullt verð er kr. 6.900. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang í rúmlega 35 veðivötn víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Veðikortið er að hefja sitt níunda starfsár og má segja að frá fyrsta degi hafi það notið mikilla vinsælda. Enda fjölga sífellt í þeim hópi sem kys að njóta heilbrigðrar útiveru með fjölskyldu við vötn og veðir. Nú gefst fólki kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmi eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum

tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með Veðikortinu fylgir veglegur bæklingur með ýtarlegum upplýsingum, reglur, lýsingar eru á veðisvæðum, kort og myndir. Veðikortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd korthafa. Kortið er stílað á einn einstakling auðkennt með kennitölu hans. Allar frekari upplýsingar og lista um veðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is

Gistimiðar á Fosshótelin

Eining-löja er með til sölu niðurgreidda gistimiða á öll Fosshótel landsins fyrir félagsmenn. Miðana er hægt að nota allt árið, jafnt sumar sem vetur. Verð miða er kr. 6.000 og gildir hann fyrir árið 2013. Hver miði gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háanna-tíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju. Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, sérstaklega í júní, júlí og ágúst. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða og athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef þið ætlið að nota gistimiða.

Fosshótel bjóða upp á gistingu á níu hótélum og er í boði fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða tveggja til þriggja stjörnu heilsárhótel. Fosshótelin eru reyklaus hótél.

Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND



Tveir svæðisráðsfundir

Í lok janúar og byrjun febrúar voru haldnir svæðisráðsfundir í Ólafsfirði og á Grenivík. Svæðisfulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn og sitja í stjórn Einingar-löju, en varamenn svæðisfulltrúa eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð félagsins. Nánar má lesa um fundina hér fyrir neðan.

Hafðís endurkjörin svæðisfulltrúi

Á fund svæðisráðs Ólafsfjarðar mættu frá skrifstofu félagsins á Akureyri Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Elsa Sigmundsdóttir, ráðgjafi hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, og Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi félagsins.

Í byrjun fundar flutti Hafðís svæðisfulltrúi skýrslu stjórnar og að því loknu fór fram kosning svæðisfulltrúa og varamanns. Enginn bauð sig fram gegn sitjandi svæðisfulltrúa og varamanni og því mun Hafðís Kristjánsdóttir sitja áfram sem svæðisfulltrúi félagsins í Ólafsfirði og Anna Sigríður Pálmadóttir sem varamaður hennar.

Að lokinni kosningu sagði Elsa frá starfsemi VIRK, rifjaði m.a. upp söguna, útskýrði vinnuferlana og sagði frá þeim mikla árangri sem náðst hefur. Þá sagði Björn frá starfsemi félagsins, könnun sem Capacent gerði fyrir félagið í vetur og minnti á fræðslustyrkina. Hann fjallaði einnig um samkomulag um framlengingu kjarasamninga og sagði að undirbúningsvinna fyrir næstu kjarasamninga færi af stað fljótlega. Að lokum sagði Ásgrímur frá Afsláttarkorti AN.



Róbert og Þórey.

Róbert er nýr svæðisfulltrúi

Á fundi svæðisráðs Grenivíkur var Róbert Þorsteinsson kosinn nýr svæðisfulltrúi á Grenivík til næstu tveggja ára. Hann kemur jafnframt nýr inn í stjórn félagsins því svæðisfulltrúar Einingar-löju sitja í stjórn félagsins. Þórey Aðalsteinsdóttir mun sitja áfram sem varasvæðisfulltrúi. Marzibil E. Kristjánsdóttir, fyrrum svæðisfulltrúi, gat ekki verið viðstödd fundinn vegna veikinda en Björn þakkaði henni fyrir góð störf í þágu félagsins á undanförunum árum.

Á fundinn mættu frá skrifstofu félagsins á Akureyri Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Anna Guðný Guðmundsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, og Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi félagsins.



Afsláttur hjá Edduhótelum

Eins og undanfarin sumur mun Eining-löja hafa til sölu greiðslumiða fyrir gistingu á öll Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 6.000. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn.

Ekki verður dregið frá punktainneign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2013 á slíkt herbergi að kosta kr. 12.900. Miðana verður hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju þegar nær dregur sumri.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelum sem eru 12, hringinn í kringum landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. Athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistimiða. Leyfilegt er að taka með sér 1-2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni www.hoteleda.is

Verðlistaverð Edduhótelanna sumarið 2013 er:

Tveggja manna herb. m/handlaug	kr. 12.900
Tveggja manna herbergi m/baði	kr. 20.700
Tveggja manna herbergi m/baði PLUS	kr. 23.900
Morgunverður á mann	kr. 1.650



Útilegukortið

Fjölmargir Einingar-löju-félagar hafa á undanförunum árum keypt Útilegukortið hjá félaginu. Í ár mun félagið enn og aftur bjóða félagsmönnum sínum upp á að kaupa Útilegukortið.



Fullt verð árið 2013 er kr. 14.900 en verð til félagsmanna er kr. 8.000. Kortið veitir aðgang að yfir 40 tjaldsvæðum hringinn í kringum landið. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega og væntum við mikillar eftirspurnar þar sem með kaupum á Útilegukortinu getur handhafi þess gist ásamt maka og allt að fjórum börnum undir 16 ára aldri á rúmlega 40 tjaldsvæðum allt í kringum landið.

Með Útilegukortinu má gista allt að fjórar nætur samfelt á hverju tjaldsvæði. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði.

Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is



Kaupmáttur – atvinna – velferð

Alþýðusamband Ísland er nú á fundaferð um landið og var fyrsti fundurinn haldinn á Akureyri 26. febrúar sl. Fundirnir eru haldnir í samráði við stéttarfélögin á viðkomandi svæði og verða átta talsins.

Fín mæting var á fundinn, sem haldinn var í HOFI. Þar var fjallað um stöðu kjaramála og kaupmáttar (baráttu við verðbólguna), sókn í atvinnumálum á Norðurlandi, nýja hugsun í atvinnu- og menntamálum og hugmyndir ASÍ að nýju húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, var fundarstjóri, en fram-sögumenn í gær voru Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sem flutti erindið *Kaupmáttur, verðlag, gengi og bætt vinnu-brögð við samningagerð*. Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, kynnti hugmyndir að nýju húsnæðislánakerfi og talaði bæði um nýtt kerfi almennra húsnæðislána og um nýtt félagslegt húsaleigukerfi. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri AFE, fjallaði um sókn í atvinnumálum á Norðurlandi í erindi sem bar yfirskriftina *Eyfirka efnahags-svæðið – Horfur á vetri 2013*. Síðasta erindi kvöldsins flutti Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsam-bands Íslands, en hann fjallaði um nýja hugsun í atvinnu- og menntamálum sem byggja á niðurstöðum síðasta þings ASÍ sem haldið var í október í fyrra.

Hugmyndir að nýju húsnæðislánakerfi

Hugmyndir ASÍ að nýju húsnæðislánakerfi á Íslandi byggir á danskri fyrirmynd, en húsnæðislánakerfið þar í landi var sett á fót fyrir rúmum 200 árum og hefur á þeim tíma staðið af sér kreppur, styrjaldir og önnur áföll. Meðal kosta nýja kerfisins er að sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lánsins verða afnumin og áhættunni af lántök-unni er deilt milli fjármagnseigenda og lántaka með sann-gjarnari hætti en nú er. Með þessu telur ASÍ að húsnæðis-

kaupendum sé gefinn valkostur um hagstæð og örugg langtímalán sem byggja á föstum nafnvöxtum og fyrir-sjáanleika inn í framtíðina í stað verðtryggðra lána. Meira öryggi – betri kjör.

ASÍ segir að það sé óþarfi að finna upp hjólið. Danska húsnæðislánakerfið varð til í lok 18. aldar og hefur staðið af sér byltingar, kreppur, styrjaldir og jafnvel ríkisgjaldþrot í rúm 200 ár. Moody's skrifaði skýrslu um það árið 2002 og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók danska húsnæðislánakerfið út árið 2007. Í báðum tilvikum fékk það topp Einkunn enda hefur enginn þurft að afskrifa kröfur á það kerfi í 200 ár.

Hvernig virkar danska kerfið?

1. Húsnæðisveðlánnum er miðlað í gegnum sérhæfðar stofnanir (húsnæðisveðlánastofnanir) sem mega aðeins sýsla með húsnæðisveðlán og fjármögnun þeirra útlána með húsnæðisskuldabréfaútgáfu til sölu á skuldabréfa-markaði.
2. Kerfið byggir á föstum nafnvöxtum til skemmri eða lengri tíma, hámarks lánshlutfalli m.v. markaðsvirði allt að 80% og lánstíma allt að 30 árum.
3. Kerfið byggir á bókhaldslegu jafnvægi á milli eignahliðar (húsnæðisveðlánin) og skuldahliðar (skræðra húsnæðisskuldabréfa) – svokallaðri jafnvægisreglu. Afrakstri af hverju húsnæðisskuldabréfaútbóði er miðlað beint til lántakenda og vaxtagreiðslur og afborganir af húsnæðisveðlánnum er miðlað beint til þeirra fjárfesta sem eiga skráðu húsnæðisskuldabréfin.

Hvernig er þetta í framkvæmd?

Íbúðakaupandi fjármagnar kaupin með húsnæðisveðláni (láni með veði í þeirri eign sem hann kaupir) frá húsnæðis-veðlánastofnuninni. Stofnunin fjármagnar lánveitinguna



með útgáfu húsnæðisskuldabréfs sem hún selur á skulda-bréfamarkaði. Húsnæðisskuldabréfið, oftast gefið út í flokki með mörgum alveg eins, er tryggt með þeim húsnæðis-veðlánnum sem að baki þeim búa. Það sem fæst fyrir húsnæðisskuldabréfið, að fráðregnum kostnaði og stimpilgjöldum til ríkisins, fær lántakinn í hendur. Ef skuldabréfamarkaðurinn er líflægur og eftirspurn mikil fæst gott verð fyrir húsnæðisskuldabréfið (t.d. 950 þ. fyrir hverja milljón) og lántakan verður því hagstæð. Ef markaðurinn er á hinn bóginn í lægð og eftirspurn lítil fæst ekki eins gott verð (t.d. 850 þ. fyrir hverja milljón) og lántakan verður því ekki eins hagstæð.

Hvað hefur danska leiðin fram yfir núverandi kerfi?

Danska húsnæðiskerfið er hannað út frá þeirri forsendu að heimilinn þurfi að búa við öryggi og stöðugleika í fjármögnun íbúðarhúsnæðis – með tilliti til vaxta, lánstíma og afborgunarskilmála. Ákvörðun nafnvaxta verður á skulda-bréfamarkaði og gegnsærri en nú er. Sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lánsins verða afnumin. Áhættunni af lántökunni er með þessum hætti deilt milli fjármagnseigenda og lántaka með sanngjarnari hætti en nú

er þar sem áhættan af þróun verðlags er nær öll hjá lántakanda.

Húsnæðisveðlánastofnanir mega ekki fjármagna sig með innlánum eða stunda áhættusækna fjármálastarfsemi. Þeirra hlutverk er það eitt að miðla með sem hagkvæm-ustum hætti fjármagni milli íbúðarkaupenda og fjármagns-eigenda sem kjósa að ávaxta fé sitt með öruggum og hagkvæmum hætti.



Vel heppnuð kjaramálaráðstefna

Dagana 18. og 19. febrúar sl. stóð Starfsgreina-sambandið fyrir kjaramálaráðstefnu um kjarasamning SGS og Samtaka atvinnulífsins. Ráðstefnan fór fram Hótel Hilton Nordica og var mæting góð, en ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá aðildarfélögum SGS. Þrír fulltrúar sátu ráðstefnuna fyrir hönd félagsins, þau Björn Snæbjörnsson, Anna Júlíusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson.

Fyrirkomulag ráðstefnunnar var þannig að fyrri dagurinn var nýttur í samlestur á fyrstu köflum kjarasamningsins en

sá seinni fór að mestu í hópavinnu, þar sem valdir kaflar í samningnum voru til umræðu. Almenn ánægja var meðal gesta með afrakstur ráðstefnunnar og ljóst er að vinna á borð við þessa mun nýtast sambandinu í komandi kjarasamningsviðræðum.

SGS mun halda tvær kjaramálaráðstefnur til viðbótar á næstunni. Þann 9. og 10. apríl nk. verður samningur SGS og SA vegna veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasöluaðila og hliðstæðrar starfsemi, á dagskránni og nokkrum vikum síðar verður ríkissamningurinn tekinn til umræðu.



Munið eftir félagavefnum

Félagavefur Einingar-löju veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu. Fjöldmargir félagsmenn nota vefinn, t.d. til að sækja um orlofshús, sem flytjir mikið fyrir úthlutunarferlinu fyrir sumarið.

Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn Félagavefur sem finna má efst á forsíðu heimasíðunnar www.ein.is og hafa möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktastöðu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa og jafnframt sótt um, bókað og greitt fyrir



orlofshús með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.

Veflykill

Þegar komið er inn á félagavefinn í fyrsta sinn þarf að sækja um aðgang, það er gert undir liðnum innskráning. Þar þarf að ýta á hnappinn Sækja um aðgang að vef, slá inn kennitöluna og veflykill verður sendur á lögheimili viðkomandi. Veflyklar eru ekki gefnir upp í síma eða sendir í tölvupósti, þar sem upplýsingar sem þar eru falla undir lög um persónuvernd.

Sprawy urlopowe

Pierwszy numer gazety związkowej w tym roku kalendarzowym poświęcony jest sprawom urlopowym oraz domkom wypoczynkowym, którymi związki dysponują oraz wynajmują swoim członkom. Członkowie związku mogą ubiegać się o wynajęcie domku wypoczynkowego na jeden tydzień w danym miejscu. Zważywszy jednak, że często wiele osób ubiega się o wynajem domku w tym samym miejscu i w tym samym czasie, rozsądnie jest ubiegać się o wynajęcie także w innych miejscach i/lub w innym czasie - jako możliwości rezerwowe. Można wybrać łącznie nawet do sześciu różnych możliwości - w różnych miejscach lub terminach. Na stronie 16 należy zaznaczyć w tabelce, o wynajem którego domku się ubiegamy. Następnie na wszelki wypadek możemy wstawić cyfry 1, 2, 3, 4, 5, 6 - tak, aby w ten sposób zwiększyć ilość potencjalnych możliwości przyznania nam prawa do wynajęcia domku. Domki wypoczynkowe są następnie przyznawane przy pomocy tak zwanego systemu punktowego, który związek stworzył i wdrożył do użycia.

Każdy członek związku zawodowego, który płaci składki, otrzymuje jeden punkt na miesiąc bez względu na wymiar zatrudnienia lub wysokości składki związkowej. Jeśli więcej niż jedna osoba ubiega się o ten sam domek w tym samym czasie, otrzymuje go ten, który posiada największą ilość zebranych punktów.

Aby osobom, które nie otrzymały w danym przypadku prawa do wynajęcia domku wypoczynkowego zapewnić w przyszłości większe możliwości do skorzystania z tego prawa, odejmuje się określoną ilość punktów pracownikowi, który otrzymał prawo do wynajęcia domku - ilość punktów, która jest odejmowana zależy od różnych czynników - między innymi okresu roku, w jakim nastąpiło wynajęcie.

Niestety nie mamy tutaj miejsca, aby tłumaczyć teksty informacyjne o poszczególnych domkach wypoczynkowych - niemniej usytuowanie ich powinno być zrozumiałe, biorąc pod uwagę nazwy miejsc, gdzie domki się znajdują - polecamy także, aby lokalizując domki posłużyć się mapą Islandii ze str. 16. Termin składania podań o domki letniskowe upływa 2. kwietnia.

Związek ma również do dyspozycji mieszkanie w Kopenhadze - informację można uzyskać w biurze związku i tam też należy składać podania.

Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okres choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu - telefonicznie lub telegraficznie - jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

Dodatek urlopowy (Orlofsuppbót)

Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego. Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe, pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1. maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny

jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).

Pracownicy, którzy pracują na podstawie ogólnej umowy zbiorowej i w sektorze państwowym muszą otrzymać dodatek urlopowy do 1 czerwca, a pracownicy urzędu miasta do 1 maja. Dodatek urlopowy w roku 2013 wynosi analogicznie: 28.700 kr dla pracowników na umowie zbiorowej i w sektorze państwowym, oraz 38.000 kr dla pracowników zatrudnionych w urzędzie miasta. Dotyczy pracujących na pełen etat.

Tydzień według własnego wyboru

Związek Zawodowy Eining-Iðja postanowił zarezerwować sumę do wysokości 3.600.000 koron na program pod nazwą "Tydzień według własnego wyboru" w roku 2013. Członkowie związku mogą ubiegać się o 200 tego rodzaju dofinansowań, każde do sumy 18.000 koron. Przydział dofinansowań opiera się na tych samych zasadach, co przydział domków wypoczynkowych. Pieniądze można użyć np. do wynajęcia domku wypoczynkowego, pokoju w hotelu lub przyczepy kempingowej; można także wykorzystać pieniądze do finansowania sobie podróży w czasie urlopu w kraju lub za granicą - według własnego życzenia. Maksymalna kwota na każdego członka związku wynosi - jak wcześniej zaznaczono - 18.000 koron, ale nie więcej niż 50% poniesionych kosztów.

Członkom związku, którzy użyją całej sumy zostanie odjętych 18 punktów; użycie mniejszej sumy spowoduje proporcjonalnie odjęcie mniejszej ilości punktów. Wypłata dofinansowania odbywa się po zakończeniu podróży, a członkowie związku muszą przedstawić rachunki za pobyt lub podróż.

"Tydzień według własnego wyboru" jest skuteczne do końca roku. Oznacza to, że ci, którzy są przydzielane potrzebę wprowadzenia faktur lub bilety na następny rok, aby uzyskać zwrot.

Uwaga! Rachunek należy okazać na legalnym formularzu zawierającym numer VAT (VSK.)!

Podwyżka plac

Zgodnie z Umową SGS i SA, od 1 lutego obowiązuje podwyżka plac dla pracowników pracujących wg. Umowy zbiorowej o 11.000 kr do wypłaty, czyli 3,25% ogólnego wynagrodzenia. Najniższe wynagrodzenie za pracę na pełny etat, 173.33 godziny w miesiącu (40 godz. tygodniowo) powinno wynosić, od 1 lutego 2013 r. 204.000 kr dla pracowników powyżej 18-tego roku życia, pracujących przynajmniej 4 miesiące w jednym zakładzie pracy.

Członkowie Związku pracujący dla Urzędu miasta dostaną podwyżkę 1 marca, zgodnie z długością stażu pracy. Najniższe wynagrodzenie za pełny etat, 173.33 godz. w miesiącu (40 godz. w tygodniu) wynosić będzie od 1 marca 2013 r. 211.941 kr dla pracowników powyżej 18 roku życia.

Pracownicy zatrudnieni w sektorze państwowym dostaną ogólną podwyżkę 3,25% czyli 11.000 kr minimum, od 1 marca 2013 r. Najniższe wynagrodzenie za pełny etat, 173,33 godz. w miesiącu (40 godz. tygodniowo) wynosić będzie, dla pracowników powyżej 18 roku życia, pracujących przynajmniej 4 miesiące, 204.000 kr.

Bílety na проезд tunelem Hvalfjarðargöng

Mozna nabywać bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 635 koron.

Bílety można również nabywać u przedstawicieli związku w Ólafsfjörður, na Hrísey i w Grenivíku.

ข่าวสารเกี่ยวกับการพักผ่อน

ข่าวสารของสหภาพฉบับนี้เป็นฉบับแรกในปีนี้จะกล่าวเกี่ยวกับการพักผ่อน และบ้านพักผ่อนเป็นหลัก ซึ่งสหภาพฯ สามารถช่วยท่าน ในการทุนค่าใช้จ่ายบางส่วน เพื่อใช้ในการหยุดพักผ่อนให้กับสมาชิก สมาชิกทุกท่านสามารถยื่นแบบฟอร์ม เพื่อขอเข้าบ้านพักผ่อนได้เป็นระยะเวลาหนึ่ง อาทิตย์ และสามารถเลือกเข้าบ้านพักผ่อนได้หลายแห่ง และอาทิตย์ที่แตกต่างกันไป ซึ่งจะเลือกได้ 6 ลำดับ กรุณาดูแบบฟอร์มที่หน้า 16 และกาเครื่องหมายตามข้อมูล ที่ปรากฏ โดยเลือกกาตามลำดับ 1, 2, 3, 4, 5 และ 6 ตามที่ท่านต้องการ หากว่ามีผู้เลือกอาทิตย์เดียวกันกับ ท่าน ท่านก็จะไม่มีโอกาสในอาทิตย์อื่นๆ การอนุมัตินั้นจะ ขึ้นอยู่กับคะแนนสะสมของสมาชิก สมาชิกทุกท่านจะได้รับ คะแนนสะสมเดือนละคะแนนเท่ากันหมดทุกคน ไม่ว่า สมาชิกผู้นั้น จะทำงานหรือจ่ายเงินเข้ากองทุนของสหภาพ มากน้อยเพียงไรก็ตาม หากว่ามีสมาชิกหลายท่าน จอง บ้านพักผ่อนหลังเดียวกันในเวลาเดียวกัน สหภาพฯ ก็จะทำการเลือกจากสมาชิกที่มีคะแนนสะสมมากกว่า สำหรับผู้ที่ ไม่ได้รับการอนุมัติบ้านพักผ่อนในปีนี้จะไม่มีโอกาสได้รับในปี หน้า การตัดคะแนนสะสม จากการเข้าบ้านพักผ่อนจะมาก หรือน้อยเพียงใดนั้น จะขึ้นอยู่กับเวลาและฤดูกาลของการ เข้าบ้านพักผ่อน ซึ่งต้องขออภัยมาในที่นี้ ที่ไม่สามารถแปล เกี่ยวกับ ข้อมูลของสถานที่ตั้งของบ้านพักผ่อนมาในที่นี้ได้ กรุณาดูที่แผนที่ประเทศไอซ์แลนด์ที่หน้า 16 หมดเขตรับ แบบฟอร์มขอเข้าบ้านพักผ่อนในวันที่ 2 เมษายน

บรรดาผู้ที่ปฏิบัติตามความตกลงทั่วไปและรัฐควรจะได้รับเงินครั้งแรกของเดือนมิถุนายนและคนที่ ทำงานกับเทศบาลเมื่อวันที่ 1 พฤษภาคม. โบนัสสำหรับผู้ที่ทำงานให้กับ เทศบาล Kr. 38.000 ในปี 2013. โบนัสสำหรับทั่วไปของตลาดและ รัฐได้รับ kr. 28.700 ในปี 2013 สำหรับผู้ที่ทำงาน 100%

จ่ายเพิ่มขึ้น (Launahækkanir)

ในครั้งแรกกุมภาพันธ์ 2013. จ่ายเพิ่มขึ้นค่าจ้างสำหรับผู้ที่ทำงานในตลาดเอกชนโดยข้อตกลง ระหว่างเอสจีเอและ SA, kr. 11.000 ในอัตราค่าจ้างและค่าจ้างทั่วไปโดย 3.25%. ค่าจ้างขั้นต่ำสำหรับเต็มเวลา เต็ม 173.33 ชั่วโมงทำงานต่อเดือน(40ชั่วโมงต่อสัปดาห์)ให้เป็นไปจากครั้งแรกกุมภาพันธ์ ในปี 2013, kr. 204.000 สำหรับคนงานที่อายุ 18 และรุ่นเก่าที่ได้ทำงานสี่เดือนติดต่อกัน สำหรับบริษัทเดียว สมาชิกที่ทำงานให้กับรัฐบาลท้องถิ่นที่ได้รับเพิ่มขึ้นในอัตรา 1 ของเดือนมีนาคม 2013. แต่จะแตกต่างกัน แม้ว่า เพิ่มขึ้นทั้งหมดสำหรับสัญญาเดียวกัน แต่เพิ่มขึ้นแตกต่างกันระหว่างกลุ่มตามระยะเวลา ค่าจ้างขั้นต่ำ สำหรับเต็มเวลาเต็ม 173.33 ชั่วโมงทำงานต่อเดือน (40ชั่วโมงต่อสัปดาห์) จะต้องเริ่มต้นที่แรก มีนาคม 2013, kr. 211,941 สำหรับคนงาน อายุ 18 และรุ่นเก่า พนักงานที่ทำงานอยู่ในสถานที่รัฐที่มีการเพิ่มขึ้นของค่าจ้างทั้งหมด หรือ 3.25% จ่ายเพิ่ม KR 11.000 ขึ้นต่ำใน อัตรา 1 ของเดือนมีนาคม 2013. ค่าจ้างขั้นต่ำสำหรับเต็มเวลาเต็ม 173.33 ชั่วโมงทำงานต่อเดือน (40 ชั่วโมงต่อสัปดาห์) ให้เป็นไปจากครั้งแรกกุมภาพันธ์ 2013, kr. 204.000 สำหรับคนงานที่ อายุ 18 และรุ่นเก่าที่ได้ทำงานสี่เดือนติดต่อกัน สำหรับบริษัทเดียว

บัตรลดตั๋วโมเมนต์ Hvalfjarðar (Miðar i Hvalfjarðargöng)

สามารถหาซื้อบัตรลดตั๋วโมเมนต์ Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองอคูเรย์รี และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Siglufjörður และ Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 635 โครนูนอกจากนั้นยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพฯที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík



สิทธิในการขอลาพักผ่อน (Réttur til að taka sumarfri)

สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักผ่อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักผ่อน วันหยุดพักผ่อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยนั้นเอาไว้เป็นวันหยุดพักผ่อนได้ แต่สมาชิกจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบ โดยทันทีทันใด ด้วยการโทรและทิ้งข้อความ เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักผ่อน และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าเกิดเจ็บป่วย จึงไม่สามารถใช้สิทธิในการพักผ่อนได้

กองทุนเพื่อการพักผ่อนหนึ่งสัปดาห์ (Vika að eigin vali)

ปี 2013 นี้ ทางสหภาพฯ ได้ตั้งกองทุนสนับสนุน เพื่อใช้ในการพักผ่อนสำหรับสมาชิกรวมทั้งสิ้นเป็นเงิน 3.600.000 โครนูนเพื่อใช้จ่ายใน "กองทุนเพื่อการพักผ่อนหนึ่งสัปดาห์" ซึ่งสมาชิกจะต้องทำการยื่นความจำนงค์ เพื่อขอรับเงิน-ทุนอุดหนุนดังกล่าวซึ่งสหภาพฯ ได้จัดตั้งกองทุนอุดหนุนไว้ประมาณ 200 กองทุนด้วยกัน ท่านละ 18.000 โครนูน เงินดังกล่าวนี้ สามารถนำไปใช้ในส่วนของท่านพักผ่อน, โรงแรม, เต้นท์เคลื่อนที่ขนาดเล็ก และเต้นท์เคลื่อนที่ ระบบไฮโดรลิกค์, จ่ายเงินอุดหนุนสำหรับพักผ่อนทั้งใน และต่างประเทศ ซึ่งขึ้นอยู่กับความต้องการของแต่ละคน เงินอุดหนุนดังกล่าวนี้ จะจ่ายให้ไม่เกินท่านละ 18.000 โครนูน หรือไม่เกินกว่า 50% ของค่าใช้จ่ายทั้งหมด หากสมาชิกใช้เงินทุนอุดหนุนนี้ ก็จะถูกหักคะแนนสะสม จำนวน 18 คะแนนด้วยกัน จะจ่ายเงินอุดหนุนก็ต่อเมื่อ สมาชิกฯ กลับมาจากการพักผ่อนเรียบร้อยแล้ว และนำใบเสร็จต่างๆที่ใช้ในการเดินทางมาแสดง กองทุนเพื่อการพักผ่อนหนึ่งสัปดาห์ ที่มีประสิทธิภาพไปจนถึงสิ้นปี นั้นหมายถึงว่าผู้ที่ได้รับการจัดสรรต้องนำไปแจ้งหนี้หรือตัวสำหรับปิดไปจะได้รับคืนเงิน

หมายเหตุ! ใบเสร็จรับเงินต่าง ๆ นั้น จะต้องมียามเลข การเสียภาษีอากรกำกับด้วยทุกใบ!

Afsláttarkort AN

Nýlega var tekið í notkun Afsláttarkort AN, en kortið er samvinnuverkefni allra aðildarféлага Alþýðusambands Norðurlands. Félagsmenn allra aðildarféлага AN hafa fengið eða eru að fá Tvennukort Olís og ÓB. Kortið er staðgreiðslukort sem tryggir góðan afslátt af vörum og þjónustu hjá Olís, ÓB og einnig þeim fjölmörgu samstarfsaðilum sem gert hafa samning við Afsláttarkort AN. Það eina sem þarf að gera er að framvísa kortinu þegar greitt er.

Af hverju?

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri óskaði eftir því á þingi Alþýðusambands Norðurlands haustið 2011 að félögin myndu berjast sam-eiginlega fyrir afsláttarkjörum fyrir félagsmenn. Félögin voru sammála um að slík samvinna væri félagsmönnum svæðisins til góðs og var ákveðið að stofna kortanefnd félaganna. Mikil undirbúningsvinna tók við áður en kortið var tekið í notkun í desember á síðasta ári.



Á heimasíðum aðildarféлага AN er hægt að kynna sé alla þá fjölmörgu afslætti sem félagsmönnum standa til boða, en sífellt er verið að vinna að því að fjölga samstarfsaðilum til hagsbóta fyrir félagsmenn.

Félagið notaði trúnaðarmannakerfið til að dreifa kortunum til félagsmanna. Þeir sem ekki hafa fengið kortið í hendur geta nálgast það á einhverja af skrifstofum félagsins, á Akureyri, Dalvík eða Siglufirði.

VIRK

starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á þjónustu eru allir þeir sem sækja um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóði og einnig þeir sem einhverja hluta vegna geta ekki sinnt störfum sínum vegna heilsubrestra. Þjónustan er notendum að kostnaðarlausu og fyllsta trúnaðar er gætt í hvívetna.

Fjórir ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði. Anna Guðný Guðmundsdóttir sem jafnframt er verkefnastjóri, anna@ein.is, Dalrós J. Halldórsdóttir, dalros@ein.is, Elsa Sigmundsdóttir, elsa@ein.is og Nicole Kristjánsson, nicki@ein.is. Þær eru starfsmenn Einingar-löju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu, og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Hægt er að ná í ráðgjafana í síma 460 3600. Einingar-löja fær greiddan allan kostnað vegna



Anna.



Dalrós.



Nicole.



Elsa.

þessara starfsmanna frá VIRK, þar á meðal vegna launa og húsnæðis.

Ráðgjafarnir eru með fasta viðveru á skrifstofu Einingar-löju í Fjallabyggð á miðvikudögum og á skrifstofu félagsins á Dalvík tvo þriðjudaga í mánuði.

Nánari upplýsingar um VIRK má fá á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs, www.virk.is.



Punktakerfið tryggir sanngirni

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-löju sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og orlofsíbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram eftir á blaði, en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:

24 punktar fyrir tvær fyrstu og þrjár síðustu sumarvikurnar.

36 punktar fyrir aðrar sumarvikur.

Allt að 18 punktar fyrir „Vika að eigin vali“.



Miðar í Hvalfjarðargöng

Minnt er á að hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum Einingar-löju á Akureyri, Siglufirði og Dalvík. Hver miði kostar aðeins kr. 635. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey og á Grenivík.



Vertu á verði!

Nú er nóg komið af verðhækkunum

Aðildarfélög ASÍ hvetja landsmenn til að snúast af alefli gegn verðhækkunum. Tökum höndum saman og látum vita af óeðlilegum verðhækkunum með því að senda inn myndir eða tilkynningar á [vertuáverði.is](https://vertuaverdi.is).

Stöndum saman og rjúfum vítahring verðbólgunnar!





STOLT ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU ÍSLENSKT HEIÐALAMB

MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG · BIRKILAUF · AÐALBLÁBERJALYNG · EINIR



VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

www.kjarnafaedi.is